



## Grundarfjarðarbær

### GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Gjald skal taka sérstaklega komi til haustskoðunar, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og skal miðað við að það sé heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 11.238 með virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 11.238 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og/eða hýsingar grípa samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við handsömun, fóðrun og/eða hýsingu í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við 1. nóvember ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn 5. nóvember 2015. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá.

*Grundarfirði, 1. nóv. 2017.*

Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri